



## Bæjarráð Reykjanesbæjar

Tjarnargötu 12  
230 Reykjanesbær

Reykjanesbær, 18. janúar 2022

Mál nr. 2022010319

### Efni: Lausar leikskólaeiningar

Með erindi þessu er lagt til að keyptar verði og komið fyrir lausum kennslueiningum við leikskólann Holt með það fyrir augum að mæta mikilli fjölgun leikskólabarna í sveitarfélaginu og aðallega í Innri Njarðvík.

Við undirbúing inntöku barna í leikskóla Reykjanesbæjar fyrir skólaárið 2022-2023 kemur í ljós að umsóknir í leikskóladeild Stapaskóla eru 74, 27 af þeim eru vegna barna sem erum með forgang, þ.e. barna sem eiga systkini í Stapaskóla. Leikskólaplássin sem losna í Stapaskóla í vor eru hins vegar aðeins 17 talsins. Það standa því eftir 57 börn sem ekki fá pláss.

Til að bregðast við þessum bráðavanda er eins og fyrr segir lagt til að stækka leikskólann Holt en þar er góð aðstaða til stækkunar. Lagt er til að nýta tækifærið þar sem verið er að panta forsmíðaðar kennslustofur frá Trimo vegna endurbóta á Myllubakkaskóla og bæta við einni einingu sem rúmað getur tvær 18 barna leikskóladeildir.

Í fylgiskjali með erindi þessu er teikning af slíkri einingu ásamt grófri mynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu á lóð auk kostnaðaráætlunar fyrir verkefnið.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs

REYKJANESBÆR  
- FRÆDSLUSTJÓRI -



### Ráðhús Reykjanesbæjar

Tjarnargata 12  
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700  
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is  
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni